

## REGLUR

### um verðmerkingar á bifreiðaeldsneyti.

#### 1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja eldsneyti á bifreiðar til neytenda og kveða á um skyldu til að verðmerkja eldsneyti á sölustað í því skyni að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.

#### 2. gr.

Skylt er að verðmerkja eldsneyti við eldsneytisdælu svo auðvelt sé fyrir neytendur að sjá verðið áður en byrjað er að dæla eldsneyti á bifreið. Verðupplýsingar skulu vera skýrar. Uppgefið verð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti á hvern lítra.

#### 3. gr.

Á sölustöðum bifreiðaeldsneytis sem selja eina milljón lítra eða meira á ári skal auk þess vera verðskilti. Staðsetning verðskiltis skal vera þannig að verð á þeim tegundum eldsneytis sem í boði eru á sölustaðnum sjáist auðveldlega úr bifreið þegar hún nálgast sölustaðinn.

#### 4. gr.

Uppgefið verð á verðskilti skal miðast við lægsta verð á sölustað enda komi það skýrt fram á skiltinu. Verðið skal standa öllum neytendum til boða. Efst á verðskiltinu skal skrá verð á 95 oktana bensíni en neðst skal skrá verð á dísilolíu. Verðskilti skal vera lýst upp þegar opið er á sölustaðnum.

#### 5. gr.

Sölustaðir bifreiðaeldsneytis sem selja minna magn en um getur í 1. mgr. 3. gr. en vilja verðmerkja með skilti skulu fara eftir 3. og 4. gr. reglna þessara.

#### 6. gr.

Neytendastofa getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

#### 7. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 22. og 26. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

#### 8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, öðlast gildi við birtingu og koma í stað reglna nr. 894/2002 sem falla jafnframt úr gildi.

*Neytendastofu, 13. apríl 2007.*

**Tryggvi Axelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Kristín Færseth.*